

SAMKOMULAG GARÐABÆJAR OG KÓPAVOGS UM VEGTENGINGAR Í HNOÐRAHOLTI

Við afgreiðslu á samþykkttri tillögu bæjarstjórnar Garðabæjar að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna rammahluta um Vífilsstaðaland og við athugun á nýju aðalskipulag Kópavogs hefur Skipulagsstofnun lýst því yfir að ekki geti komið til staðfestingar á aðalskipulagsbreytingunni fyrr en niðurstaða liggi fyrir milli sveitarfélaganna um tengingu á gatnakerfi þeirra í Hnoðraholti. Skipulagsstofnun hefur beint því til sveitarfélaganna að leita lausnar um ágreining í málinu.

Af því tilefni gera sveitarfélögin Garðabær og Kópavogur með sér eftirfarandi samkomulag:

Garðabær samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á samþykkttri aðalskipulagsbreytingu.

- Í stað tveggja valkosta á hæðarlegu Vorbrautar neðan við fjölbýlishús í Þorrasölum í Kópavogi verði ákvæði um að Vorbraut verði sett í stokk á þeim stað eða fundin ný lega við mótun deiliskipulags golfvallar- og útivistarsvæðis með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif Vorbrautar á íbúðarbyggð í Þorrasölum (sett fram í greinargerði í kafla 4.2.5. Göturými og á mynd 35 sem og með táknum fyrir stokk á breytingaruppdrætti aðalskipulags Garðabæjar)
- Bætt verði við ákvæði um að við hönnun golfvallar skuli tryggja góða tengingu á milli golfbrauta í Leirdal og Mýrinni m.t.t. hæðarlegu og golfhringja frá golfskála (sett fram í greinargerði í kafla 4.5.2.2 þar sem fjallað er um Vetrarmýri).

Garðabær samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á samþykkttri tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Hnoðraholt norður.

- Í stað tveggja valkosta á hæðarlegu Vorbrautar neðan við fjölbýlishús í Þorrasölum í Kópavogi verði ákvæði um að Vorbraut verði sett í stokk á þeim stað (sett fram á deiliskipulagsuppdrætti og í greinargerði í kafla 2.6.1 Gatnakerfi).

Kópavogur samþykkir að draga til baka mótmæli í umsögn um aðalskipulagstillögu Garðabæjar varðandi tengingu fyrirhugaðs hverfis í Hnoðraholti við Arnarnesveg um Leirdalsop enda er komið á móts við sjónarmið um lagninga tengibrautar í stokk. Jafnframt samþykkir Kópavogur að falla frá áformum um að fella út tengingu brautarinnar við gatnakerfi Kópavogs í tillögu að nýju aðalskipulagi sem er til athugunar hjá Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun verður greint frá því að sátt sé um niðurstöðu þessa að hálfu beggja sveitarfélaga.



 Armann Kr. Ólafsson,
 bæjarstjóri.

Garðabæ og Kópavogi í mars 2021


 Gunnar Einarsson,
 bæjarstjóri.

